

57. fundur Fræðslusjóðs
Priðjudaginn 23. ágúst 2016 kl. 14.30-16.00
haldinn í Skipholti 50b. III. hæð.

Mætt: Guðrún Ragnarsdóttir, formaður, Fjóla Jónsdóttir, Garðar Hilmarsson, Svanhildur Sverrisdóttir, Jón Fannar Kolbeinsson, Guðrún Eyjólfsdóttir.

Frá FA: Sveinn Aðalsteinsson, Björn Garðarsson.

Boðuð forföll: Halldór Grönvold, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Ársæll Guðmundsson, Sólveig B. Gunnarsdóttir.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar (fylgiskjal 1)

Samþykkt

2. Úthlutunarreglur og skilmálar – staða mála

a. Staða mála.

Upplýst var að mnn ætlar í endurskoðun laga um framhaldsfræðslu. Vonir standa til að þeirri vinnu geti verið lokið vorið 2017 og málið orðið þingtækt. Vinna við skilmálana miðast við núgildandi lög. Í ljósi væntanlegrar endurskoðunar var samþykkt að fresta endurskoðun skilmálanna þar til endurskoðun laganna er lokið. Sú vinna sem þegar hefur farið fram nýtist þess í stað sem innlegg í málið. Samþykkt að mynda hóp til að rýna lögina og koma með ábendingar fyrir hönd sjóðsins. Guðrún Eyjólfsdóttir gaf kost á sér. Framkvæmdastjóra FA falið að senda póst til allra stjórnarmanna þar sem óskað er eftir tilnefningum í hópinn. Niðurstaða þarf að liggja fyrir eins fljótt og auðið er. Svanhildur kynni á næsta fundi stjórnarinnar hvernig verklagi mnn verði háttað.

b. Gæðakerfi – drög (fylgiskjal 2)

Framkvæmdastjóri kynnti málið – sjá fundargögn. Á erindi inn í endurskoðun laganna, en er fyrst og fremst á könnu FA. Fram kom að þróunarsjóður er ekki innifalinn í gæðakerfinu en til athugunar að skoða þá stöðu. Sett verði á dagskrá næsta fundar umræða um afurðir verkefna sem styrkt eru úr nýsköpunar- og þróunarsjóði og gæði þeirra. Svanhildur og Björn komi með dæmi um afurðir.

3. Náms- og starfsráðgjöf 2016 og til framtíðar

Samstarf við fræðsluaðila - fyrirkomulag

Óskað hefur verið eftir fundi með fulltrúum Kvasis og annarra fræðsluaðila um efni bréfs er sent var í vor, en engin viðbrögð hafa enn borist við því. Samþykkt að fyrir hönd sjóðsins sitji tveir stjórnarmenn auk framkvæmdastjóra FA. Framkvæmdastjóra falið að senda póst til stjórnar með ósk um tilnefningar. Niðurstaða um skipan þarf að liggja fyrir föstudaginn 26. ágúst svo umræða geti hafist áður en endurúthlutun fer fram.

4. Erindi frá samstarfsaðilum

a. Beiðni um undanþágu (frá PP) (fylgiskjal 4a)

Stjórn sjóðsins fjallaði um erindið og gerir ekki athugasemd við þessa ráðstöfun. Framkv.stj. FA falið að svara á formlegan hátt með bréfi.

b. Beiðni um undanþágu (frá Visku) (fylgiskjal 4b)

Hafnað að framlag Fræðslusjóðs sé notað í þessu samhengi. Ekki er veitt svigrúm innan skilmála sjóðsins til að meta einstaklinga utan markhóps. Framkv.stj. FA falið að svara á formlegan hátt með bréfi.

c. Ósk um aukið fé til námsleiðar (Framvegis) (fylgiskjal 4c)

Erindinu er hafnað. Ekki er forsenda fyrir sjóðinn að hækka framlag sitt til einstakra námsleiða. Framkv.stj. FA falið að svara á formlegan hátt með bréfi. Er eitt þeirra mála sem þarf að taka upp við endurskoðun laganna- þ.e. á sérhæft nám að vera dýrara en almennt nám? Hverjar eiga forsendur verðlagningar að vera?

d. Beiðni um undanþágu frá 20 ára viðmiði (Mímir) (fylgiskjal 4d)

Í námskránni er getið um lágmarksaldur og er hún staðfest af mrm. Í skilmálum sjóðsins kemur fram að fé sé veitt til vottaðra námsleiða og telur stjórnin sig bundna af því. Því getur stjórn sjóðsins ekki orðið við erindinu að svo stöddu. Framkv.stj. FA falið að svara á formlegan hátt með bréfi.

5. Drög að starfsáætlun FS veturinn 2016-2017 (fylgiskjal 5)

Lagt fram til kynningar. Skjalið mun taka breytingum eftir því sem ástæður og viðburðir leyfa.

6. Fjármál

a. Úthlutun – eftirstöðvar (fylgiskjal 6a)

Kallað verður eftir upplýsingum um skil í byrjun sept. og um endurúthlutun. Upplýsingar liggi fyrir 19. sept. Ákvörðun um hvort eftirstöðvum í sjóði verði úthlutað samhliða endurúthlutun verði tekin á næsta fundi.

b. Staða úthlutunar náms- og starfsráðgjafar (fylgiskjal 6b)

Farið nánar í á næsta fundi. Stefnt á að þá liggi fyrir upplýsingar um fyrri helming ársins.

7. Önnur mál

Engin önnur mál.

Næsti fundur samkv. áður boðuðu skipulagi sem sent hefur út með dagbókarfærslum en hann verður 19. september.

Fundi slitið kl. 16.

Guðrún Legeard.
Póla Jónsd.
Gerdur Hilmarsson
Ósvambildur Þ. Svavridóttir
Hallor Óinnald